



Fréttabréf desember 2004



## Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk - Breyttar dagsetningar

Vegna þeirrar röskunar sem orðið hefur á skólalaldi í grunnskólum landsins haustið 2004 hefur menntamálaráðuneytið ákveðið breyttar dagsetningar vegna samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk og samræmdra lokaprófa í 10. bekk grunnskóla vorið 2005. Röð prófanna í 10. bekk hefur einnig breyst.

### Samræmd próf í 4. og 7. bekk:

Íslenska      fimmtudagur    3. febrúar  
Stærðfræði    föstudagur      4. febrúar

### Samræmd lokapróf í 10. bekk:

Íslenska      mánudagur    9. maí  
Enska          þriðjudagur    10. maí  
Stærðfræði    fimmtudagur    12. maí  
Danska        föstudagur    13. maí  
Samfélagsfræði    þriðjudagur    17. maí  
Náttúrufræði    miðvikudagur    18. maí

## Dagur íslenskrar tungu Sumarlestur

Í tilefni af degi íslenskrar tungu veittum við í Heiðarskóla þeim nemendum viðurkenningu sem tóku þátt í sumarlestrinum 2004. Þeir nemendur sem skiluðu lista yfir þær bækur sem þeir lásu í sumar fengu að gjöf penna merktan lestrarmenningu Reykjanesbæjar og bókamerki skólans. Þátttaka nemenda var mjög góð og skiluðu til dæmis allir nemendur í 2. KP sínum blöðum. Við vonum að enn fleiri taki þátt í sumarlestrinum næsta sumar.



Krakkarnir í 3. bekk SG voru duglegir að lesa.

## Jólafrí og mæting eftir áramót

Jólafrí nemenda hefst  
laugardaginn 18. desember.  
Nemendur mæti aftur í  
skólann þriðjudaginn 4.  
janúar 2005 samkvæmt  
stundaskrá.

## Aðstoð við heimanám

Miðvikudaginn 15. september hófst í skólanum aðstoð við heimanám fyrir nemendur í 5. – 10. bekk. Boðið er upp á tvo klukkutíma, frá 14:10 – 16:10, þrisvar í viku, mánudag, miðvikudag og fimmtudag. Kennarar af mið- og unglingastigi sjá um að aðstoða nemendur við þá heimavinnu sem þeir vilja vinna í skólanum. Auglýst er í skólanum í hvaða stofum heimanámið fer fram. Vonumst við til að sem flestir nýti sér þessa aðstoð. Í 3. og 4. bekk eru þrjú tímar á stundatöflu nemenda ætlaðir fyrir heimanám. Aðstoðin er yfirleitt í höndum umsjónarkennara.

Foreldrar og nemendur munum eftir endurskinsmerkjum í skammdeginu!

# Jólaskemmtanir og stofufjól

Dagskrá desembermánaðar verður með hefðbundnu sniði í Heiðarskóla. Nemendum verður boðið upp á kakó, piparkökur og hangikjöt og sungið verður á sal. Föstudaginn 17. desember verða hin árlegu „Litlu jól“ í skólanum. Ráðgert er að þau taki um eina og hálf klukkustund hjá hverjum bekk fyrir sig. Eins og venjulega verður jólaguðspjallið flutt af nemendum 7. bekkja. Þá verða sungin jólalög og dansað í kringum jólatréð. Síðan heldur hver bekkur til sinnar stofu og heldur stofufjól með umsjónarkennara sínum. Nemendur mæti þann dag sem hér segir (sjá töflu til hægri):

**kl. 8:30  
til 10:00**

1. AJ  
2. GP  
3. SG  
4. AH  
5. EE  
6. KG  
8. EE  
9. GH

**kl. 10:00  
til 11:30**

1. HH  
3. GH  
4. JP  
6. BG  
8. ÞG  
9. SN  
10. RR

**kl. 11:30  
til 13:00**

1. IP  
2. KP  
4. HE  
5. MÓ  
6. HT  
7. ÞE  
7. EP  
10. SP

## Aðventulestur í desember

Í desember brydduðum við í Heiðarskóla upp á aðventulestri. Nemendur í 1. - 5. bekk komu á bókasafnið og gestir sem höfðu áhuga á lestri og börnum komu og lásu. Þá heimsótti Þorgrímur Þráinsson rithöfundur nemendur í 6. - 10. bekk og las upp úr bókum sínum. Það má með sannri segja að þessi aðventulestur hafi tekist vel og þökkum við öllum þeim sem tóku þátt kærlega fyrir.



Þorgrímur Þráinsson las fyrir nemendur í 6. - 10. bekk



Árni Sigfússon kom og las fyrir nemendur í 1. bekk HH



Valgerður Guðmundsdóttir las fyrir nemendur í 1. IP

## Nemenda- og íþróttaráð

Margir sóttu um að starfa að félagsmálum í Heiðarskóla veturinn 2004-2005.

**Í nemendaráði eru:** Sveindís 7. ÞE, Kristján 7. ÞE, Tanía 7. EP, Kristín Rán 7. EP, Elín Óla 8. EE, Guðbjörg 8. ÞG, Guðmann 9. GH, Anna Rún 10. RR, Birna 10. RR, Björgvin 10. RR, Hinrik 10. RR, Hjálmtýr 10. RR og Steinunn Ýr 10. RR

**Í íþróttaráði eru:** Arnar Guðjón 8. EE, Hólmfríður 8. EE, Guðrún Mjöll 8. EE, Katla 9. SN, Helena 9. SN, Jón Þór 9. SN, Brynjar 9. SN, Viktor 10. SP, Björn Geir 10. SP og Natan Freyr 10. RR

**Í Unglingaráði Fjórheima eru:** Bríet 10. RR og Guðni Oddur 10. RR

## Breytingar á skóladagatali

Smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á skóladagatali Heiðarskóla 2004 - 2005.

Foreldradagur sem vera átti 24. nóvember var fluttur til 1. desember. Þá hefur afhendingu einkunna verið flýtt til **14. febrúar** í stað 21. febrúar og foreldradeginum í febrúar einnig flýtt frá 23. febrúar til **15. febrúar**. Nýtt skóladagatal er hægt að nálgast á heimasíðu skólans **www.heidarskoli.is**

## Skólakynningar

Námsefnis- og skólakynningum er nú lokið í nokkrum árgöngum. Vegna þeirrar röskunar sem orðið hefur á skólastarfi hefur ekki tekist að ljúka öllum kynningunum. Þær sem eftir eru verða í janúar. Foreldrar í 1. - 4. bekk og 9. - 10. bekk verða boðaðir á kynningarfund eftir áramót.

# Netföng og viðtalstímar kennara

Nafn:	Bekkur:	Netfang:	Viðtalstími:
Auður Harðardóttir	4. AH	audur.hardardottir@heidarskoli.is	Fimmtud.kl.12:00-12:40
Auður H. Jónatansdóttir	1. AJ	audur.jonatansdottir@heidarskoli.is	Miðvikud.kl.13:30-14:10
Ásta Katrín Helgadóttir	Deildarstj	asta.k.helgadóttir@heidarskoli.is	Eftir samkomulagi
Bryndís Guðmundsdóttir	6. BG	bryndis.gudmundsdottir@heidarskoli.is	Fimmtud.12:40-13:20
Brynjar Harðarson	Bókasafn	brynjar.harðarson@heidarskoli.is	Mánud.kl.11.20-12:00
Eðvarð Þór Eðvarðsson	5. EE	edvard.t.edvardsson@heidarskoli.is	Miðvikud.kl.13:20-14:00
Elín Gunnarsdóttir	Íþróttir	elin.gunnarsdottir@heidarskoli.is	Miðvikud.kl.13:20-14:00
Esther Níelsdóttir	Dans		
Eygló Pétursdóttir	7. EP	eyglo.petursdottir@heidarskoli.is	Mánud.kl. 8:50-9:30
Eysteinn Eyjólfsson	8. EE	eysteinn.eyjolfsson@heidarskoli.is	Föstud.kl.12:40-13:20
Gróa Björk Hjörleifsdóttir	3. GH	groa.b.hjorleifsdottir@heidarskoli.is	Þriðjud.kl.9:50-10:30
Guðbjörg Pálmarsdóttir	2. GP	gudbjorg.palmarsdottir@heidarskoli.is	Þriðjud.kl.8:50-9:30
Guðmundur Hermannsson	9. GH	gudmundur.hermannsson@heidarskoli.is	Miðvikud.kl.8:50-9:30
Guðný Kristjánsdóttir	Tjáning	gudny.kristjansdottir@heidarskoli.is	
Gunnar Þór Jónsson	Skólastjóri	gunnar.jonsson@heidarskoli.is	Eftir samkomulagi
Halla Tómasdóttir	6. HT	halla.tomasdottir@heidarskoli.is	Föstud.kl.12:40-13:20
Hallfríður Benediktsdóttir	Textíll	hallfridur.benediktsdottir@heidarskoli.is	Miðvikud.kl.9:50-10:30
Hanna Lína Einarsdóttir	4. HE	hanna.l.einarsdottir@heidarskoli.is	Fimmtud.kl.9.50-10:30
Helena Ósk Jónsdóttir	Íþróttir	helena.jonsdottir@heidarskoli.is	Fimmtud.kl.9:50-10:30
Helga Björg Helgadóttir	1. HH	helga.b.helgadoottir@heidarskoli.is	Miðvikud.kl.13:30-14:10
Ingibjörg Pálmadóttir	1. IP	ingibjorg.palmadottir@heidarskoli.is	Miðvikud.kl.13:30-14:10
Jane Petra Gunnarsdóttir	4. JP	jane.gunnarsdottir@heidarskoli.is	Föstud.kl.10:30-11:10
Kristinn Óskarsson	Íþróttir	kristinn.oskarsson@heidarskoli.is	Fimmtud.kl.8:50-9:30
Kristín Gunnarsdóttir	6. KG	kristin.gunnarsdottir@heidarskoli.is	Mánud.kl.10:30-11:10
Kristjana Pálsdóttir	2. KP	kristjana.palsdottir@heidarskoli.is	Miðvikud.kl.13:20-14:00
Laufey Gísladóttir	Danska	laufey.gisladoottir@heidarskoli.is	Miðvikud.kl.12:00-12:40
Magnea H. Björnsdóttir	Sérkennsla	magnea.bjornsdottir@heidarskoli.is	Þriðjud.kl.11:00-12:00
Margrét Jónsdóttir	Myndlist	margret.jonsdottir@heidarskoli.is	Miðvikud.kl.13:20-14:00
María Óladóttir	5. MÓ	maria.oladottir@heidarskoli.is	Mánud.kl.8:50-9:30
María Júlíana Arnardóttir	Sérkennsla	maria.arnardottir@heidarskoli.is	Mánud.kl.12:40-13:20
María Kristín Óskarsdóttir	Smíðar	maria.oskarsdottir@heidarskoli.is	Mánud.kl.13:20-14:00
Ólöf Jónsdóttir	Heimilisfr.	olof.jonsdottir@heidarskoli.is	Fimmtud.kl.13:20-14:00
Ragnheiður G. Ragnarsd.	10. RR	ragnheidur.ragnarsdottir@heidarskoli.is	Föstud.kl.11:20-12:00
Sigurbjörg Guðmundsdóttir	3. SG	sigurbjorg.gudmundsdottir@heidarskoli.is	Miðvikud.kl.12:00-12:40
Sigurbjörg Róbertsdóttir	Deildarstj	sigurbjorg.robertsdottir@heidarskoli.is	Eftir samkomulagi
Sóley Halla Þórhallsdóttir	Aðst.skólastj.	soley.h.thorhallsdottir@heidarskoli.is	Eftir samkomulagi
Steinunn Njálisdóttir	9. SN	steinunn.njalsdottir@heidarskoli.is	Fimmtud. kl.11:20-12:00
Svava Pétursdóttir	10. SP	svava.petursdottir@heidarskoli.is	Fimmtud.kl.11:20-12:00
Sveindís Valdimarsdóttir	Sérkennsla	sveindis.valdimarsdottir@heidarskoli.is	Fimmtud. kl.11:20-12:00
Vigdís Karlsdóttir	Sérkennsla	vigdis.karlsdottir@heidarskoli.is	Þriðjud.kl.13:20-14:00
Þóra Guðrún Einarsdóttir	7. ÞE	thora.g.einarsdottir@heidarskoli.is	Föstud.kl.8:50-9:30
Þórey Garðarsdóttir	8. ÞG	thorey.gardarsdottir@heidarskoli.is	Föstud.kl.8:10-8:50

## Myndir úr skólalífinu



Stúlkur úr 1. bekk AJ í tölvuverinu



Áhugasamar stúlkur úr 6. bekk KG að þrjóna í textílmenn.



Nemendur gæddu sér á skúffuköku 1. nóvember í boði skólans.

## Viðhorfskönnun meðal foreldra í 1. bekk

Foreldrar í 1. bekk tóku þátt í viðhorfskönnun í byrjun skólaársins vegna skólabyrjunar barna sinna. Spurt var um tímasetningu á kynningarfundum að vori, viðmótið í skólanum, viðtalstímann og hvort foreldrar hefðu haft nægileg tækifæri til að koma spurningum sínum og sjónarmiðum á framfæri. Um 70% foreldra svöruðu könnuninni en könnunin var á rafrænu formi. Helstu niðurstöður voru þær að 89% fannst tímasetning á

fundum að vori heppileg og 80% fannst fundurinn gagnlegur. Öllum foreldrum fannst viðtalið hæfilega langt og þeir hafi komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Öllum fannst einnig vel eða þokkalega staðið að skólabyrjun barnsins og viðmótið í skólanum gott. Mat á öllum þáttum skólastarfsins er hluti af sjálfsmati skólans og er mikill áhugi á að gera fleiri kannanir á skólaárinu.

## Jólafondur foreldrafélagsins

Það var sannkölluð jólastemning í Heiðarskóla laugardaginn 4. desember þegar Foreldrafélag Heiðarskóla stóð fyrir sínu árlega jólafondri. Mæting var mjög góð og börn sem fullorðnir kepptust við að fönndra sína hluti. Það var greinilegt að þarna voru samankomnir margir listamenn. Til að auka á jólastemninguna var boðið upp á heitt súkkulaði og rjómarvöflur, en nemendur úr 10. bekk áttu heiðurinn af þeim kræsingum.



## 7. bekkur á Reykjum í Hrútafirði

Við í 7. bekk í Heiðarskóla fórum í skólabúðirnar á Reykjum vikuna 15. - 19. nóvember. Þegar við komum á staðinn tók skólastjórinn Þorvarður á mót og vísaði okkur á herbergin okkar. Við vorum tvö og tvö í herbergi. Húsið sem við sváfum í hét Grund. Svo var líka Giljaskóli á Akureyri með okkur. Fyrstu þrjú dagana fórum við í kennslustundir milli



9:30-12:00 og 14:00-17:00. Þar gerðum við margt skemmtilegt. Við fórum í íþróttir og sund. Í íþróttum fórum við í fullt af leikjum og það var frjálst í sundi. Við fórum út í sveit þar sem við hittum bóndann Skúla. Hann talaði við okkur um hvernig hann mjólkaði kýrnar og hvert mjólkinn færi eftir það. Hann sýndi okkur naut, kýr, kindur, kisur og kálfa. Hann talaði líka um heyskapinn og við fengum að gefa nautunum hey og klappa kálfunum og kisunum. Það var mjög gaman. Við fórum líka í náttúrufræði hjá Þorvarði. Þar fórum við niður í fjöru að tína kræklinga. Ég, Guðrún, Díana og Elva fundum fullt af þeim og settum þá í fötu. Þegar við komum upp í hús þá hituðum við kræklingana og máttum smakka þá. Svo gerðum við verkefnablað um dýrin í fjörunni. Í landbúnaðartímanum vorum við hjá Dóru. Þar horfðum við á myndband um landbúnað og unnum svo verkefni um það. Á hverjum degi voru frítímar eftir hádegismat og fyrir og eftir kvöldmat. Í frítímum gátum við farið í Bjarnaborg eða verið á Grund. Bjarnaborg er félagsmiðstöð þar sem hægt er að fara í borðtennis, þythokký, fótboltaspil og mini-golf. Fyrstu þrjú kvöldin voru kvöldvökur. Þar fórum við í leiki, átkeppni og sýndum leikrit. Síðustu tveir dagarnir voru aðeins öðruvísi. Næstsíðasta daginn fékk ég og ellefu aðrir krakkar gubbupest. Þá fórum við upp á setustofuna á Grund og lágum öll þar á dýnum. Þorvarður var svo góður að hann kom með sjónvarp til okkar. Við fengum líka matinn til okkar upp á setustofu. Á meðan voru hinir krakkarnir í náttúrufræði og um kvöldið fóru þeir á diskótek. Síðasta daginn var valfrjáls dagur. Þá var hægt að velja um íþróttir, fönndur, sund og borðtennismót. Ég og stelpurnar völdum íþróttir, við fórum í fitnesskeppni. Síðan var hádegismatur og svo fórum við heim. Við vorum komin heim um kl. 16:00. Það var mjög gaman á Reykjum en það var líka gott að vera komin heim.

Elísa Sveinsdóttir 7. bekk PE